

Markmið

Jafnlaunastefna Rafal tekur til allra starfsmanna fyrirtækisins og kveður á um markmið og aðgerðir til að tryggja starfsfólki Rafal þau réttindi varðandi launajafnrétti sem kveðið er á um í lögum [nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna](#). Jafnlaunastefna þessi er órjúfanlegur hluti af launastefnu Rafal.

Allt starfsfólk óháð kyni, kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáningu, svo sem hvað varðar skulu njóta jafnra launa og sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf þannig að enginn ómálefnalegur launamunur sé til staðar. Þau laun sem lögð eru launaákvörðunum til grundvallar skulu ekki fela í sér kynjamismunun. Forsendur launaákvæðana eru að þær séu í samræmi við kjarasamninga, studdar rökum og tryggi að sömu laun séu greidd fyrir sambærileg eða jafnverðmæt störf.

Til þess að fylgja eftir jafnlaunastefnu Rafal skuldbindur fyrirtækið sig til að:

- Innleiða, skjalfesta og viðhalda vottuðu jafnlaunastjórnunarkerfi í samræmi við kröfur staðalsins ÍST85 og öðlast jafnlaunavottun í samræmi við lög nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.
- Framkvæma launagreiningu og kynna helstu niðurstöður ásamt jafnlaunastefnu fyrir starfsfólki árlega.
- Bregðast við ef kröfur staðalsins eru ekki uppfylltar þar á meðal óútskýrðum kynbundnum launamun með stöðugum umbótum og eftirliti. Ef um óútskýrðan launamun er að ræða skal leiðrétta hann innan tveggja mánaða.
- Framkvæma árlega innri úttekt og rýni stjórnenda þar sem jafnlaunamarkmið eru sett fram og rýnd.
- Stöðugar umbætur verða nýttar til að virkja stefnu fyrirtækisins sem best.
- Fylgja viðeigandi lögum, reglum og kjarasamningum sem í gildi eru á hverjum tíma og staðfesta á fundi að þeim sé fylgt.
- Tryggja að jafnlaunastefna þessi sé aðgengileg á heimasíðu fyrirtækisins og á innri vef fyrirtækisins.

Markmið og verkefni 2025–2026

Verkefni	Ábyrgð	Lokið dags/tímarammi	Staða
Kynna Rafal fyrir erlendum nemum	Mannauðsstjóri	30.5.2025	Í vinnslu
Efla frekari upplýsingagjöf til starfsmanna	Framkvæmdastjórar	Alltaf	Í vinnslu
Fjölga konum í Rafal	Mannauðsstjóri	Alltaf	Í vinnslu
Framfylgja markmiðum jafnlauna-stefnu og viðhalda jafnlaunavottun í samræmi við jafnlaunastaðal ÍST 85:2012.	Mannauðsstjóri	Alltaf	Í vinnslu
Skrá hæfni eldri starfsmanna í mannauðskerfið	Mannauðsstjóri	Lok árs	Í vinnslu
Innleiða rafrænt fræðslukerfi	Mannauðsstjóri	Lok árs	Ekki hafið
Þátttaka í framadögum HR 2025	Mannauðsstjóri	Lok febrúar	Lokið